

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2332
komudagur 22.4.2008

Reykjavík, 18. apríl 2008

**Ályktun samþykkt á fundi kennarafélags Kvennaskólans
föstudaginn 18. apríl vegna frumvarps til laga um framhaldsskóla**

Kennarafélag Kvennaskólans ályktar að nauðsynlegt sé að menntamálanefnd taki til greina þær athugasemdir sem komið hafa frá Kennarasambandi Íslands í tengslum við frumvarp til framhaldsskólalaga sem nú liggur fyrir á Alþingi.

Ljóst er að mikil vinna er enn eftir í tengslum við frumvarpið og litlar líkur á að takist að fullvinna frumvarpið svo að gott sé fyrir þinglok. Kennarafélag Kvennaskólans lýsir yfir áhyggjum vegna þessa. Mikilvægt er að frumvarpið verði ekki að lögum frá Alþingi nema í sátt við nemendur, kennara og skóla og að með því fari ekki á milli mála að ný lög um framhaldsskóla skili nemendum jafngóðri menntun og þeim stendur nú til boða. Auk þess er grundvallaratriði að tryggt verði nægt fjármagn til að standa undir öllum kostnaði sem til fellur vegna þeirra breytinga sem ný lög hefðu í för með sér.